

## Þorra blótað í Klifi

Laugardaginn 28. janúar síðastliðinn fór þorrablótíð í Ólafsvík fram í félagsheimilinu Klifi. Kvenfélag Ólafsvíkur, Lionsklúbbur Ólafsvíkur, Lionsklúbburinn Rán og Leikfélagið Lauga stóðu að þorrablótinu í ár eftir tveggja ára pásu. 225 manns blótuðu þorran saman, þorrablótnefndin sjálf sá um veislustjórn, Múlakaffi eldaði þorramatinn ofan í mannskapinn, Kristfríður Rós Stefánsdóttir fór með minni karla og Jón Haukur Hilmarsson sá um minni kvenna. Að vanda voru skemmtiatriðin á sínum stað þar sem tekið var á málum síðustu ára, gleðin var allsráðandi þetta laugardagskvöldið og að borðhaldi loknu hélt hljóm-sveitin Span uppi stuðinu og gestir dónsuðu og skemmtu sér langt fram á nótt.

sj



## Tökum þátt í Lífshlaupinu

Lífshlaupið 2023 hófst 1. febrúar, um er að ræða heilsu- og hvatningarverkefni Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands sem hefur staðið yfir frá árinu 2006. Í Lífshlaupinu eru landsmenn allir hvattir til þess að huga að sinni daglegu hreyfingu og auka hana eins og kostur er, í frítíma, vinnu, í skóla og við val á ferðamáta. Í ráðleggingum Embætti landlæknis um hreyfingu er börnum og unglingum ráðlagt að hreyfa sig í minnst 60 mínútur á dag og fullorðnum í minnst 30 mínútur á dag. Í verkefninu er hægt að taka þátt í vinnustaðakeppni sem stendur yfir í þrjú vikur, frá 1. febrúar til 21. febrúar, framhaldsskólakeppni og grunnskólakeppni sem standa báðar yfir í tvær vikur, frá 1. febrúar til 14. febrúar og einstaklingskeppni þar sem hver og einn getur skráð sína hreyfingu allt árið. Hreyfingin ætti að vera eins fjöl-

breytt og mögulegt er til að efla sem flesta þætti hreysti þar á meðal afkastagetu hjarta og æðakerfis, lungna, vöðvastyrk, liðleika, viðbragð og samhæfingu. Kröftug hreyfing sem reynir á beinin er sérstaklega mikilvæg fyrir kynþroska og á kynþroskaskiði fyrir beinmyndun og beinþéttni. Börn og unglingar ættu ekki að verja meira en 2 klukkustundum daglega í tölvuleiki eða aðra afþreyingu sem fram fer á skjá, svo sem við tölvu eða sjónvarp. Jákvæð reynsla af hreyfingu á unga aldri eykur líkurnar á lífsháttum sem fela í sér hreyfingu á fullorðinsárum. Dagleg hreyfing er börnum og unglingum nauðsynleg fyrir eðlilegan vöxt, þroska og andlega vellíðan. Lífshlaupið er ætlað fyrir alla aldurshópa og nánari upplýsingar um ráðleggingar um hreyfingu má finna á síðu Embættis landlæknis.

sj

FISKMARKAÐUR  
ÍSLANDS

Sími: 430 3700  
www.fmis.is

# Ég heiti Steinn í Frystiklefanum á Rifi

Mikið líf var í Frystiklefanum á Rifi um síðustu helgi þegar tvær leiksýningar voru haldnar. Leikritið Ég heiti Steinn var sýnt á laugardag og sunnudag en um 50 miðar seldust á sýningarnar. Síðastliðinn föstudag voru einnig öllum krökkum í 1.-4. bekk í Grunnskóla Snæfellsbæjar boðið á leiksýninguna. Leikritið er án orða og er ætlað ungum áhorfendum á aldrinum þriggja til tólf ára. Verkið var samvinnuverkefni Rene Mer Theatre Company og Frystiklefans en undirbúningur þess stóð yfir í janúar. Í verkinu er sagt frá litlum steini sem reynir að fóta sig í heimi þar sem aðrir steinar eru stærri og öðruvísi en

hann. Fjölbreytt flóra listamanna koma að sýningunni en hún er leikstýrð og framleidd af franska leikstjóranum Lucas Rastoll, búa-ingahönnun var í höndum Ítalans Francesca Lombardi, Ísraelinn Dor Mamalia aðstoðar við leikstjórn og Frakkinn Sacha Bernardson skapaði tónlistina. Leikararnir Bjarney Elín Hauksdóttir, Sigríður Ásta Olgeirsdóttir og Sumarliði Snæland Ingimarsson fóru með hlutverkin í sýningunni. Mikil ánægja var meðal áhorfenda með sýninguna og voru það forréttindi fyrir krökkana að fá að upplifa töfra leikhússins í heimabæ sínum.

..j



**Við bjóðum upp á  
alhliða bílaviðgerðir,  
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímá pantanir í síma 436-1111



Bifreiðaverkstæði Ægis.  
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

## Jafningahittingur krabbameinsgreindra í Snæfellsbæ

Krabbameinsfélag Snæfellsness er starfandi á öllu Snæfellsnesinu og hefur gert það síðan árið 2015. Stjórn félagsins hefur mikinn áhuga á því að gera félagið sýnilegra og vinna að því að það komi að góðu gagni fyrir þá sem greinst hafa með krabbamein og aðstandendur þeirra. Krabbameinsgreindir geta sótt um styrk hjá: [krabbsnae@gmail.com](mailto:krabbsnae@gmail.com)

Nú er í bígerð á vegum Krabbameinsfélagsins að koma á fót hér í Snæfellsbæ fundi með þeim sem fengið hafa krabbamein og aðstandendum þeirra. Það er stórt mál að fá krabbamein og það er mjög margt sem kemur upp hjá þeim sem það fær. Meginmarkmið með svona fundi/hitting er að spjalla saman og læra um sjúkdóminn hvort af öðru. Líka að stuðla að bættri andlegri og líkamlegri líðan. Það er mikils virði að geta rætt þessi mál við aðra þá sem lent hafa í svipaðri reynslu.

Margir hafa lýst því hversu mjög gefandi það er að hitta annað fólk í svipaðri stöðu og skiptast á skoðunum um þetta mál. Búið er koma

svona fundum á í Grundarfirði og í Stykkishólmi þar sem fólk nýtur þess að hittast.

Hér í Snæfellsbæ er hópur fólks sem hefur áhuga og vilja á því að stofnaður verði álíka félagsskapur. Auk þess að vera stuðningshópur jafningja væri hægt að fá öðru hvoru inn fyrirlesara og aðra fræðslu. Þá eru félagar úr Von líka tilbúnir að koma hingað og liðsinna okkur. Þar að auki verður leitað til samtakanna Ljósíð um góð ráð og handleiðslu.

**Fyrsti fundurinn um þessi mál verður haldinn í Áttthagastofnunni Kirkjutúni 2 í Ólafsvík miðvikudaginn 8. febrúar kl. 17.00.** Fundirnir eru opnir öllum þeim sem greinst hafa með krabbamein sem og aðstandendum þeirra og hvetjum við þá til að mæta.

Það er von okkar að þessi félagsskapur geti orðið einhverjum athvarf og stuðningur.

Fyrir hönd undirbúningshópsins:

Pétur Steinar Jóhannsson  
Eygló Kristjánsdóttir  
Guðrún Þórdardóttir

## Getraunir 1x2

Síðasta laugardag var einn með 11 rétta leiki og nokkrir aðilar með 10 rétta leiki á seðlinum og fengu smá vinning. Ekki stórt, en urðu varir eins og sagt er á veiðimannamáli. Næsta laugardag verða svo aftur leikir í deildunum ensku og þar eru „spekingarnir“ okkar á heimavelli og því má reikna með, EF úrslit verða eftir bókinni, að einhverjir ná sér í vinning. Það kemur í ljós. Það var margt

um manninn síðasta laugardag hjá okkur í Áttthagastofnunni og má reikna með að svo verði líka næsta laugardag, því miði er möguleiki og eins er bara skemmtilegt að hittast og spjalla um enska boltann og bergja af viskubrunni „spekinganna“. Við verðum eins og vanalega á staðnum, milli klukkan 11.00 og 12.00 og kaffið ávallt á könnunni.

### Áfram Víkingur



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: [steinprent@simnet.is](mailto:steinprent@simnet.is)

Sími: 436 1617

# Asahláka olli skemmdum



Aðfaranótt fimmtudagsins 26. janúar og fram eftir morgni fimmtudags var mikil úrkoma á Snæfellsnesi. Hiti var yfir frostmarki og hávaðarok. Mikill snjór og klaki var á svæðinu fyrir ofsavæðrið og rigningin og hlýindin juku líkur á krapaflóðum, skriðum, grjóthruni og flóðum. Viðvaranir voru gefnar út undir Enni og á Búlandshöfða vegna grjóthruna, malbiksskemmdir urðu á vestari gatnamótum Ólafsbrautar og Gilbakka í Ólafsvík og vatn flæddi um Bankastræti sem olli nokkru tjóni á húsnaðum sem standa við Ólafsbraut. Þá var veginum yfir Fróðárheiði lokað um tíma vegna vatnsaga en stífla við Fróðá olli því að golfvöllurinn við ána var á kafi í vatni, golfskálinn

var umkringdur vatni og heimili á nágrenninu hlaut skaða af. Vatnsveðrið olli því töluverðum ama en þau sem þrífast á gulum viðvörðunum þurftu ekki að bíða lengi. Hávaðarok og stórrhríð bankaði aftur upp á á Snæfellsnesi seinnipart síðastliðins mánu dags og bætti í snjóinn aftur, þá var öllum vegum á Snæfellsnesinu nema í Staðarsveitinni lokað á mánudagskvöldið en Fróðárheiðin var ennþá lokað fram eftir þriðjudagsmorgni.

á meðfylgjandi myndum má sjá Fróðáanna eins og hún var skömmu eftir að krapastífla var losuð úr henni og hinsvegar eins og hún er á eðlilegum degi.

sj



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátapjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is  
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

## Íþróttamaður Grundarfjarðar 2022

Á gamlársdag var íþróttamaður Grundarfjarðar valinn af íþrótt- og tómstundanevnd Grundarfjarðarbæjar og fulltrúum íþróttafélaganna fjögurra sem koma að tilnefningunni, Ungmennafélagi Grundarfjarðar, Hestaeigendafélagi Grundarfjarðar, Skotfélagi Snæfellsness og Golfklúbbnum Vestarr. Að þessu sinni voru þrír afreksíþróttamenn tilnefndir en það var Harpa Dögg sem varð að lokum fyrir valinu en hún hefur verið í fremstu röð á landsvísi í hestaíþróttum í sínum aldursflokki undanfarin ár. Harpa Dögg keppir í meistaraeild Líflands og æskunnar, sem er keppni í hæsta flokki í hennar aldurshópi. Á opnu WR Íþróttamóti Sleipnis var hún í úrslitum í öllum þeim greinum sem hún tók þátt í. Sömuleið-



is var hún valin í U-21 landsliði Íslands í hestaíþróttum á árinu og fór til Álandseyja og keppti þar í tölti T1. Hún endaði þar í öðru sæti í B-úrslitum sem verður að teljast frábær árangur. Harpa Dögg þjálfar hrossin sín sjálf og leggur mikinn tíma, metnað og ástríðu í það.

sj



## Aðalfundur Golfklúbbsins Jökuls

Aðalfundur Golfklúbbsins Jökuls verður haldinn í kaffistofu HH í Rífi sunnudaginn 12. febrúar kl. 17.

Dagskráin er eftirfarandi:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á vegum klúbbsins.
3. Lagður fram ársreikningur 2022 til afgreiðslu.
4. Kosning stjórnar.
5. Tilnefning og kosning í nefndir.
6. Ákvörðun árgjalda.
7. Önnur mál.

Stjórn Golfklúbbsins Jökuls.



Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinnsson hdl.  
lögiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

# Gjaldskrá fyrir Tjaldsvæði Snæfellsbæjar

*Gildir frá 1. janúar 2023*

**Gisting:**

Almennt gjald.....	1.800 kr.
Börn, 0-13 ára.....	Frítt
Börn, 14-16 ára.....	500 kr.
- frítt fyrir börn í fylgd með foreldrum/forráðamönnum	
Ellilífeyrisþegar (65+) og öryrkjar.....	1.300 kr.

**Tilboð:**

Fyrsta nóttin.....	1.800 kr.
Önnur nóttin.....	1.500 kr.
Þriðja nóttin.....	1.500 kr.
Fjórdða nóttin.....	1.200 kr.

**Annað:**

Rafmagn pr. dag.....	900 kr.
----------------------	---------

Gjaldskrá þessi er samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 8. desember 2022. Tekur gjaldskrá þessi gildi þann 1. janúar 2023 og frá sama tíma fellur niður gjaldskrá fyrir tjaldsvæði Snæfellsbæjar sem gilt hefur frá 1. janúar 2022.

**Snæfellsbær, 8. desember 2022**

**Kristinn Jónasson, bæjarstjóri**

